



Hvatarblaðið Júní 2026

Fundargerðir

Sveitarstjórn
615 fundur

Sveitarstjórn
616. fundur




HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Grímsnes- og Grafningshreppur
veiliðan fyrir alla

17. JÚNÍ



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Á BORG 2026

10:00 - 12:00 - HJÓLAFJÖR Á BORG

Skemmtileg hjólabraut fyrir yngri börn og byrjendur þar sem áhersla verður á gleði, þrautir og leik. Einnig verður boðið upp á stærri hjólahring með torfærutímatöku fyrir þau sem vilja prófa sig áfram í aðeins meiri áskorun.



13:00 - SKRÚÐGANGA OG HÁTÍÐARDAGSKRÁ

Skrúðganga frá leiksvæðinu við Kerhólsskóla í fylgd með fánaberum frá Sólheimaskátum. Hátíðarræða, fjallkona og önnur atriði.

13:30 - HOPPUKASTALI OG ÝMIS LEIKTÆKI

Hoppukastali og önnur leiktæki verða til taks í íþróttasalnum.

14:00 -16:00 ANDLITSMÁLNING Í FÉLAGSHEIMILINU

Andlitasmálun Ingunnar verður í félagsheimilinu þar sem allir geta fengið skemmtilegar figúrur eða andlitasmálningu í tilefni dagsins.



14:00- ÁSGARSBÖRNIN Á SVIÐINU

Systkinin í Ásgarði spila fyrir gesti á stóra sviðinu.



14:00- TÆKJASÝNING AÐILA BJÖRGUNARMÍÐSTÖÐVARINNAR

Slökkviliðsmenn frá BÁ og Hjálparsveitinni Tintron mæta á svæðið og tækifæri fyrir áhugasama að skoða og jafnvel prófa græjurnar þeirra.




14:30 - BÍDDU Á SVIÐINU

Hljómsveitin Bíddu frá Hveragerði stígur á stökk og heldur stuðinu gangandi.

KÖKUHLAÐBORÐ KVENFÉLAGSINS OPNAR AÐ LOKINNI HÁTÍÐARDAGSKRÁ

Kvenfélag Grímsneshrepps býður til kökuhlaðborðs í Félagsheimilinu Borg gegn vægu gjaldi.



Grímsnes- og Grafningshreppur óskar öllum gleðilegrar hátíðar

Reglubundin hreinsun rotþróa

Reglubundin hreinsun rotþróa á vegum UTU á starfssvæði aðildarsveitarfélaganna er í gangi. Mikilvægt er að hlutir séu í lagi til að auðvelda hreinsunaraðilum fyrir og hreinsun gangi greiðlega fyrir sig. Allar upplýsingar á www.seyra.is.



Seyra.is

Opnun tilboða í verkið "Björgunarmiðstöð á Borg"

Opnun tilboða í verkið "Björgunarmiðstöð á Borg" fór fram þann 5. maí 2026 kl. 11:00.

Um er að ræða byggingu 1.135 fermetra (með millilofti) Björgunarmiðstöð á Borg í Grímsnesi með steinullareiningum.



Búið er að yfirfara tilboð og samþykkja tilboð frá lægstbjóðanda, HR smíði ehf.

Nýir göngu- og hjólreiðastígar í Grímsnes- og Grafningshreppi

Grímsnes- og Grafningshreppur kynnir nú tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020–2032 vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar göngu- og hjólreiðastíga meðfram Biskupstungnabraut, Þingvallavegi og Sólheimavegi.

Verkefnið er unnið í samvinnu Grímsnes- og Grafningshrepps og Vegagerðarinnar og er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2026. Um er að ræða vandaða uppbyggingu göngu- og hjólreiðastíga þar sem gert er ráð fyrir malbikuðu slitlagi, þannig að stígarnir nýtist sem best til daglegra ferða, útivistar og öruggra

samgangna fyrir íbúa, fasteignaeigendur og gesti sveitarfélagsins. Unnið hefur verið að verkefninu síðan 2023 með tilheyrandi valkostagreiningum.

Óskað er eftir umsögnum og athugasemdum við tillöguna frá íbúum, fasteignaeigendum, landeigendum, fyrirtækjum og öðrum hagaðilum. **Umsögnum skal skila í gegnum Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, mál nr. 2025/1397, eigi síðar en 19. júní 2026**

Verkefnið er liður í því að bæta umferðaröryggi, efla útivist og lýðheilsu og skapa betri aðstæður fyrir vistvænar samgöngur innan sveitarfélagsins. Í dag eru víða takmarkaðir möguleikar til að ganga eða hjóla milli staða í sveitarfélaginu án þess að fara eftir eða mjög nálægt fjölförnum vegum. Þetta á sérstaklega við um Biskupstungnabraut þar sem umferð hefur aukist verulega á undanförnum árum, ekki síst yfir sumartímann.

Með uppbyggingu sérstakra göngu- og hjólreiðastíga skapast öruggari og aðgengilegri leiðir fyrir íbúa, fasteignaeigendur, gesti og ferðaþjónustu.

Aðalskipulagstillöguna má sjá hér:

Skipulagsgáttin, mál nr. 1397/2025 | Biskupstungnabraut og Þingvallavegur; Hjólastígar; Aðalskipulagsbreyting - 2509014

Lögð er fram umsókn sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst gerð nýrra göngu- og hjólreiðastíga meðfram helstu vegum í sveitarfélaginu. Markmiðið er að bæta möguleika á...

skipulagsgatt.is

Stærsta kaldavatnsverkefni á Suðurlandi lofar góðu

Verkefnið við Kaldárhöfða er eitt stærsta og mikilvægasta vatnsöflunarverkefni sem ráðist hefur verið í á Suðurlandi. Markmiðið er að byggja upp sameiginlega vatnsveitu fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp, Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp sem geti flutt allt að 500 l/s af köldu neysluvatni.

Með því yrði Kaldárhöfðaveita langstærsta vatnsveita á Suðurlandi og lykilinnviður fyrir næstu 100 ár. Verkefnið snýst um að tryggja vatnsöryggi fyrir ört vaxandi svæði, skapa svigrúm fyrir íbúa, atvinnulíf og ferðaþjónustu og byggja upp grunninnviði sem geta borið framtíðarþróun svæðisins langt fram í tímann.

Borun tilraunaholu við Kaldárhöfða lauk í vikunni og gekk framkvæmdin vel. Fyrstu vísbendingar eru jákvæðar og gefa góð fyrirheit um að holan geti skilað miklu vatni. Nú tekur við næsti áfangi verkefnisins þar sem ráðist verður í dæluþrófanir til að meta afkastagetu holunnar, stöðugleika rennslis og eiginleika vatnsleiðarans nánar.

Verkefnið er unnið af Grímsnes- og Grafningshrepp í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp og snýr að rannsókn á möguleikum til sameiginlegrar neysluvatnsöflunar frá Kaldárhöfða. Markmiðið er að

kanna hvort svæðið geti orðið framtíðarvatnsból fyrir sveitarfélögin og þannig styrkt afhendingaröryggi, vatnsgæði og möguleika til uppbyggingar til lengri tíma.



Fyrsta skóflustungan að Skógartúni

Þann 7. maí s.l. var tekin fyrsta skóflustungan að nýrri íbúðagötu í Vesturbyggðinni á Borg, en gatan mun bera heitið Skógartún. Við götuna verða lóðir undir einbýlis-, par- og raðhús. Samhliða því verður gerður nýr aðkomuvegur að hverfinu sem mun í framtíðinni tengjast við Biskupstungnabraut, ásamt því að göngustígar verða lagðir um hverfið.

Verkið var boðið út fyrr í vor og var í kjölfarið samið við Jarðtækni ehf. sem mun annast verkið. Hönnun var í höndum Eflu hf. og Verkís hf. verður með eftirlit með verkinu.



Laufdal og Drangar undirrita viljayfirlýsingu um samstarf í Miðtúni 1

Samkvæmt viljayfirlýsingunni er stefnt að byggingu um 700 fermetra atvinnuhúsnæðis fyrir verslun ásamt tilheyrandi frágangi lóðar. Jafnframt er gert ráð fyrir samræmdri tímaáætlun um skipulag og framkvæmdir, auk viðræðna um frekari uppbyggingu á svæðinu, svo sem þjónustuinnsviði, bílastæði og orkutengda innviði. Verkefnið snýr að uppbyggingu þjónustukjarna sem ætlað er að mæta vaxandi þörf fyrir verslun og þjónustu á svæðinu.

Laufdal er fasteignapróunarfélag og Drangar eiga og reka meðal annars Nettó, Orkuna og Prís.



Búið að opna Borgarlónið

Vaðtjörninn við Miðtún á Borg er tilbúin fyrir sumarið. Tjörninn er safntjörn fyrir blágrænar ofanvatnslausnir í nýja hverfinu á Borg ásamt því að frárennsli frá sundlauginn á Borg rennur í hana og er hún því um 25-30°C heit. Tilvalin til að leika sér í fyrir unga og aldna.





Náttúrufræðihorn 1. og 2. bekkjar

Vissir þú þetta um humlur???

Býflugur og humlur eru ekki sama dýrið

Á Íslandi eru engar
vilttar býflugur, bara
humlur.
Humlur eru loðnar og
pattaralegar en ekki
býflugur.



Hvernig verður hunang til?

Flugurnar safna
blómasafa og æla honum
upp í hvor aðra, aftur og
aftur, þar til hann er
fullmeltur og hefur breyst í
hunang. Þá er því komið
fyrir í vaxhólfi í búinu.



Humlufjölskyldan

Í humlubúum er ein
drottning, humlubörn
og þernur.
Drottningin lifir eitt
ár en þernurnar bara
eitt sumar.

Karlflugurnar

Fara bara út úr
búunum á haustin
til að makast við
ungar drottningar
og deyja svo.



Humlubú

Humlur gera sér bú
neðanjarðar, oft í
yfirgefnum músarholum.
Sjáir þú humlu snemma
að vori er það eflaust
drottning að finna sér
stað til að byggja bú.





KERHÓLSSKÓLI





KERHÓLSSKÓLI



Góður liðsstyrkur úr nærsamfélaginu í sumarstörfum

Að venju bárust fjölmargar umsóknir um sumarstörf í Soginu. Alls voru ráðin 32 ungmenni til fjölbreyttra viðhalds- og umhverfisstarfa á svæðinu, auk þriggja verkstjóra. Þá var ráðinn háskólanemi til starfa í tæknimálum, einn rafvirkjanemi og tveir vélfræðinemar á samningi í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Þetta starfsfólk kemur úr nærsamfélagi Landsvirkjunar á Suðurlandi og það skiptir fyrirtækið miklu máli að geta kynnt sig sem vinnustað með þessum hætti.

Viðhaldsstopp í Ljósafofssstöð

12 ára viðhaldsstopp á vél 3 Ljósafofssstöð fór fram í vetur, en vélarhlutir voru endurnýjaðir og búnaður prófaður og skoðaður. Viðhaldi á inntakspípu vélarinnar lýkur í sumar, en það felur í sér múrviðgerðir og málningarvinnu innan og utan við pípu, sem er steinsteypt. Ljósafofssstöð var gangsett 1937 og stýttist því í að hún verði níræð. Þrátt fyrir aldurinn stendur hún fyllilega fyrir sínu og er líklega sú virkjun Landsvirkjunar sem mest er heimsótt.





Orkusýningin í Ljósafossstöð

Orkusýningin í Ljósafossstöð verður opin alla daga í sumar. Á sýningunni er hægt að kynna á gagnvirkan hátt heimi raforku og setja í samhengi við daglegt líf.

Þá er Ljósafossstöð sjálf merkileg, en bygging hennar var bylting að mörgu leyti og gerði rafmagnseldavélar að raunhæfum valkosti fyrir íbúa Reykjavíkur. Reykjavíkurborg átti stöðina þar til Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og tók við rekstrinum.



Fiskrannsóknir í Sogi 2025

Hafrannsóknastofnun hefur nýverið gefið út skýrslu um fiskrannsóknir í Sogi árið 2025. Í rannsókninni var gert þéttleikamat á seiðum og fæða þeirra skráð í Sogi, þverám þess, Efra-Sogi og Þingvallavatni. Þá voru hrygningarblettir laxa og bleikju taldir í Sogi. Í rannsókninni kom fram að bati er í þéttleika seiða á milli ára og gagnvart samanburðarsvæðum í Ölfusá og Hvítá. Þessi bati kom fram árið 2023 og hefur haldist síðan.

Hvað fæðu varðar þá eru bitmýslirfur mikilvæg fæða laxaseiða í Sogi en því til viðbótar eru vorflugulirfur og vatnabobbar algeng fæða en fæðuval er þó mismunandi eftir aldri seiða og svæðum.

Lesið má skýrsluna á vef Landsvirkjunar:

landsvirkjun.is/utgefid-efni/rannsoknir-og-skyrslur



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

VILTU LEIGJA BORD HJÁ OKKUR?

Ef þú ert að vinna hjá byggðasamlögum Grímsnes- og Grafningshrepps stendur þér til boða að bóka þér vinnuaðstöðu. Hafa þarf samband við Lindu, linda@gogg.is til að geta bókað.



Wi-Fi



Fundarherbergi



24/7



Kaffiaðstaða



GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS VERSLUNIN VALA

Opnunartími í
Grænu könnunni & Völu
alla daga 11:00 til 17:00

MÖTUNEYTIÐ ER OPIÐ ALLA VIRKA
DAGA 11:30 TIL 13:00



Leirgerð



Kertagerð




Listasmíða



Smíðastofa



Jurtastofa



Vefstofa

VEFVERSLUN





SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG



SUNNA

Tómatafínsludagur fjölskyldunnar

Komið með fjölskylduna og fínið vistvæna
tómata í gróðurhúsinu okkar.

Opnunartími:

Apríl

mánudaga til föstudaga
13:00 - 16:00

Maí til miðjan ágúst

mánudaga til föstudaga
13:00 - 16:00

+

Laugardaga
13.00 - 17.00

Staðsetning:

Sólheimar í Grimsnesi



Sími:

+354 855 6060



Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2026

17. júní	Fjallkonan og kaffihlaðborð
júní/júlí	Samverustund á Sólheimum
júní/júlí	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
ágúst	Vinna við Grímsævintýri
22. ágúst	Grímsævintýri
12. sept.	Haustfundur
3. okt.	<u>Skiptimarkaður</u>
29. okt.	Grímuball
22. nóv.	Jólabingó
26. nóv.	Jólafundur



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.



**FYLGSTU MEÐ Í HÓPNUM:
FÉLAG 60+ Í GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPI**



BÓKASAFN/LIBRARY

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS

Opnunartímar í júní **/ opening hours in june:**

Þriðjud./Tuesd. 2. júní	kl. 15:30-17:00
Fimmtud./Thursd. 4. júní	kl. 15:30-17:00
Þriðjud./Tuesd. 9. júní	kl. 15:30-17:00
Fimmtud./Thursd. 11. júní	kl. 15:30-17:00

Kvöldopnun / evening hours:

Handverkskvöld **9. júní** kl. 19:30-21:30

**Ath. að lokað er í júlí og opnunartímar
ágúst mánaðar verða auglýstir í byrjun ágúst.**

Öll velkomin.

PÍLUU

Námskeið

ÖLL VELKOMIN



Hvar
BORG

Verð
2500KR


Börn klukkan
16-18

18+ klukkan
18-20

9 - 11. JÚNÍ

EINAR GÍSLASON ÆTLAR AÐ MÆTA TIL OKKAR
FRÁ SELFOSSI OG VERA MEÐ PÍLUNÁMSKEIÐ Í
FÉLAGSHEIMILINU. HÚSIÐ VERÐUR OPIÐ TIL AÐ
ÆFA LENGUR FYRIR 18+ ALLA DAGANA

Skráning: Umfhvot@gmail.com



HREYSTI

Styrkur & þol fyrir alla
2.-25. júní • Kynningarverð: 16.900 kr

ÞRIÐJUDAGA OG
FIMMTUDAGA KL 18:30-19:20

STAÐSETNING:
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN BORG

Þjálfarar:

Sigrún Arna Brynjarsdóttir
Íþróttá- og heilsufræðingur
CrossFit L2 • Functional Fitness • WL101

og

Skráning í skilaboðum

Veiga Dögg Magnúsdóttir
Einkaþjálfari hjá WC • Kennari með M.Ed.

SUMARNÁMSKEIÐ Í SUNDI Á BORG

15.-25. júní 2026

Fyrir börn fædd 2016-2022

Kennt mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga í tvær vikur
klukkan 15:15-16:00

Verð 15.000,-

Skráning og nánari
upplýsingar í tölvupósti
jle1809@gmail.com

Þjálfarar eru
Guðni Báruson og
Jana Lind Ellertsdóttir
Íþróttافرæðingar



Strandblaknámskeið á Borg

Pedro hefur áhuga á að koma til okkar með strandblaknámskeið. Hann er frekar upptekinn í júní en hefur áhuga á að koma allavega 2. júní til okkar.

2. júní kl: 17-18 með 4. bekk og upp úr 2. júní fullorðnir kl: 18-19:30
Ef fleiri en 10 skrá sig munum við bæta við fleiri tímum.

Möguleiki verður á að bæta við æfingum í 1x í viku út júní á hádegistíma, auglysi það síðar!

skráning á umfhvot@gmail.com

Veiga Dögg, formaður Hvatar



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæsla Uppsveita

Heilsugæsla Uppsveita er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.



HEILSUEFLANDI
samfélag

velliðan fyrir alla



JÞ Verk Jarðvinnuverktaki

- Tökum að okkur allt frá upphafi framkvæmda og að síðasta frágangi umhverfis hús og lóðarvinnu.
- Vegir og plön
- Húsgrunnar
- Fyllingar í púða og sökkla
- Snjómokstur

**Ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar
spurningar í síma 848-1123 í skilaboðum eða á
johannes@jthverk.is**



Sorphirðudagatal 2026

Grímsnes- og Grafningshreppur

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Breytingar geta orðið á losunardögum sökum óviðráðanlegra aðstæðna. Losun fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri.

- Blandaður úrgangur og Matarleifar
- Pappi&pappír og Blandaðar plastumbúðir
- Heyrúlluplast



MATSEÐILL JÚNÍ 2026

Mánudagur.	Þriðjudagur.	Miðvikudagur.	Fimmtudagur.	Föstudagur.
<u>1. júní.</u> Hakk og spaghetti, kartöflumús.	<u>2. júní.</u> Ýsa í Orly, hrísgrjón, ostasósa.	<u>3. júní.</u> Snitsel, kartöflubátar, maís, rauðkál, baunir, piparsósa.	<u>4. júní. (Vordagur leik og grunn.)</u> Grillaðar pylsur. (Matur afgreiddur úti)	<u>5. júní. (skólaslit)</u> Sumarsalat með kjúklingi.
<u>8. júní.</u> Kjöt í karrý, hrísgrjón.	<u>9. júní.</u> Plokkfiskur, soðin egg, rúgbrauð, smjör.	<u>10. júní.</u> Lasanja, hvítlauksbrauð.	<u>11. júní.</u> Steiktur hlýri, kartöflur, brún sósa.	<u>12. júní.</u> Makkarónugrautur, brauð, álegg.
<u>15. júní.</u> Ítalskar kjötbollur, pasta, tómatseruð sósa.	<u>16. júní.</u> Fiskibuff, hrísgrjón, karrýsósa.	<u>17. júní.</u> <u>Þjóðhátíð.</u>	<u>18. júní.</u> Ofnsteiktur fiskur, kartöflur, rjómasósa.	<u>19. júní.</u> Grjónagrautur, slátur, brauð, álegg.
<u>22. júní.</u> Kjöthleifur, kartöflumús, sósa. Grænmetisbuff.	<u>23. júní.</u> Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, smjör.	<u>24. júní.</u> Kjúklingur, franskur, kokteilsósa.	<u>25. júní.</u> Fiskur í raspi, kartöflur, laukfeiti, kokteilsósa.	<u>26. júní.</u> Skyr, brauð, álegg.
<u>29. júní.</u> Sumarfrí.	<u>30. júní.</u> Sumarfrí.			<i>Matseðill gæti breyst suma daga vegna t.d. (aðföng, dagskrá skóla ofl.)</i>



Hreindís

1. tölublað · 41. árgangur · júní 2026 · útgefandi Sólheimar ses.

Sólheimar í 96 ár, 1930-2026

Menningarveisla Sólheima verður sett 6. júní kl. 14:00 á Péturstorgi

með opnun
árlegrar samsýningar vinnustofa Sólheima og í framhaldi
mun **Sólheimakórinn** opna tónleikaröð Menningarveislu
ársins með stæl að góðum síð!

Hópurinn samanstendur af íbúum og starfsfólki
Sólheima sem leiða okkur inn í veisluna með með fjöri,
hlýju og smitandi krafti. Það er ekki annað hægt en að brasa
og syngja með!

Menningarveislan stendur til 15. ágúst.



Verzlunin Vala

Opíð alla daga 10:00-17:00

Úrval fallegra listmuna sem
fegra og gleðja.

Vinsælustu verk: Lífið á haus,
Gæfurikur, Fiskhaus og
Ástrikur eignast ný heimili!



SÖGUSAFN SÓLHEIMA

„Í Sólheimahúsi“

Safn um sögu Sólheima og ævi
og starf Sesselju Hreindísar
Sigmundsdóttur, stofnanda
Sólheima. Ókeypis er á safnið
en tekið er á móti frjálsum
framlögum.

Safnið er opið alla daga
Menningarveislunnar í sumar
frá kl. 11:00-17:00

Þess fyrir utan er hægt að
hringja í síma **855-6080** til að
fá aðgang og panta leiðsagnir
fyrir hópa. **Leiðsögn** er 1.500 kr
á manninn.

Tómata tínslu- dagur í Sunnu

Komið með
fjölskylduna
og tínið vistvæna
tómata í gróðurhúsinu okkar.
Fjöldi tomatategunda í boði.
Alla daga nema sunnudaga.



Græna kannan

í hjarta þorpsins. Þar er boðið
upp á nýbrennt og malað
lífrænt Sólheimakaffi ásamt
hinni margrómuðu tómatsúpu,
heimabókuðu brauði, kökum
og öðru góðgæti



Opið alla daga frá 11-17
frá 1. júní til og með 31. ágúst.

**VERSLUN - KAFFIHÚS - LISTHÚS
OG MÖTUNEYTI**

Njóttu Sólheima yfir nótt

Gistiheimilin Brekkukot
og Veggús eru fyrir alla
gesti og gangandi.

Hægt að bóka:
stayinsolheimar.is,
gisting@solheimar.is,
eða í síma 775-0123



**Welcome, dear guest, to
our Cultural Festival 2026 in
Sólheimar, Eco-Village.
Lots of fun things to do this
summer!**

Throughout this summer, from the
beginning of June to the end of
August, **there will be concerts every
Saturday at 14:00**, either in our
church or by Græna kannan Café.

The shop Vala, Græna kannan Café
and all exhibitions are open from
11:00-17:00 during the summer.

Want to stay?

Well, check out our guesthouses!
For bookings visit:
www.stayinsolheimar.is
or call +354 775 0123.

Exhibitions:

- **Græna kannan Café**
Exhibition from Sólheimar Art
Workshops.
- **Sólheimar house, The story!**
A history museum about the live and
work of our founder Sesselja Hreindís
Sigmundsdóttir. Entrance is free of
charge, but donations are welcome.
Opening hours are every Saturday this
summer from 1st of June – 18th of
August.

For information about guided tours,
call +354 855-6080 and book in
advance. Guided tour is 1.500 ISK/10
euros per person.

Enjoy your stay in Sólheimar.
Make the most of your days.

www.solheimar.is



Skannaðu kóðann
og fylgdu okkur á líffegri
Instagramsíðu Sólheima
#solheimareco

Tónleikadagskrá – Menningarveisla Sólheima 2026

Tónleikar hefjast klukkan 14:00 og eru í Sólheimakirkju.
Ef aðstæður og veður leyfir gætu þeir verið á Péturstorgi.



Græna kannan
Íþróttaleikhúsið
Setning Menningarveislu
6. júní - kl. 14:00
Stjórnulið Sólheima
Stjórnandi Viðar Örn
Kjartansson

Sólheimakirkja
18. júlí - kl. 14:00

Helgi Björns

Eru ekki allir í stuði



Sólheimakirkja
13. júní - kl. 14:00
Katrín Halldóra

Íslenskar dægurperlur

Sólheimakirkja
25. júlí - kl. 14:00

Óvissuferð

Dagskrá auglýst síðar



Sólheimakirkja
20. júní - kl. 14:00
Una Torfa

Flytur tónlist sína

Sólheimakirkja
1. ágúst - kl. 14:00

**Örn Árna og
Jónas Þórir**

Léttir sprettir



Sólheimakirkja
27. júní - kl. 14:00
Ingó veðurguð

Í góðri stemningu!

Sólheimakirkja
8. ágúst - kl. 14:00

**Sigríður Thorlacius
og Jónas Þórir**

Flytja jazz-standarda



Sólheimakirkja
4. júlí - kl. 14:00
**Guðrún Gunnarsd.
og Jónas Þórir**

Sólheimakirkja
15. ágúst - kl. 14:00

**Kristján Jóhannsson
og vinir**

Flytja Ítalskar aríur



Sólheimakirkja
11. júlí - kl. 14:00
Hreimur

Slær alltaf í gegn!

Styrktaraðilar Menningarveislu Sólheima 2026:



Áhugaverðar sýningar

Dagskrá



SÓLHEIMAR
SJÁLFBERT SAMFÉLAG

1. Hringtorg og bílastæði
2. Veghús Gistáheimili
3. Brekkukot Gistáheimili
4. Verslunin Vala, Græna Kannan, Listhús Sólheima, Péturstorg og Markaðstorg
5. Bergheimar
6. Sesseljuhús, gestamóttaka, leiðsagnir og sýningar
7. Sólheimakirkja, tónleikar
8. Íþróttaleikhús
9. Garðyrkjustöðin Sunna
10. Skógræktarstöðin Ólur
11. Tröllagarður
12. Höggmynd- og ljóðagarður
13. Vigðisærhús, skrifstofur
14. Sólheimahús, Sögunýning og Ægissbúð
15. Ingustofa, vinnustofur, hæfing
16. Ólasmíðja, vinnustofur, hæfing
17. Nýttjarnarkabur Sólheima
18. Flóðahringur, gönguleið 2,3 km
19. Fjósahringur, gönguleið 1,7 km

Posiðh

Sjá hér: [HREINDÍS ORG 2026 low](https://www.hreindis.org)

Witaj drogi Gościu w

Sólheimar, w 94 letniej wiosce ekologicznej i na naszym **Festiwalu Kultury 2026**

W Sólheimar tego lata, czeka na Ciebie mnóstwo fajnych rzeczy do zrobienia!

Przez całe lato, od początku czerwca do końca sierpnia, w każdą sobotę o 14:00 zapraszamy na **koncerty** do naszego **kościola**, a jeśli pogoda dopisze, na plac obok kawiarni Græna Kannan, Sklep Valla, kawiarnia Græna Kannan i wszystkie wystawy otwarte są latem **codziennie od 11:00 do 17:00.**

Chcesz zostać dłużej?

Sprawdź nasze pensjonaty: <https://stayinsolheimar.is/>

Wystawy:

Kawiarnia Græna kannan
Wystawa z Warsztatów Artystycznych Sólheimar.

Sesseljuhús Centrum Ekologiczne
Catch of the Sea – wystawa poświęcona sprzątaniu plaż wokół Islandii oraz potworom morskim wykonanym przez uczniów miejscowej szkoły podstawowej.

Dom Sólheimar, museum Historii
Wystawa o życiu i twórczości naszej założycielki Sesselji Hreindis Sigmundsdóttir

Tylko wycieczki z przewodnikiem: **zadzwoń pod numer 855-6080**

Koszt 1500 ISK za osobę dorosłą i 700 ISK za dziecko

Zyczymy udanego

pobytu w Sólheimar. Ciesz się latem razem z nami.

Dagskrá

SUN. 31. mai, 5. júlí og 2. ágúst kl. 14:00

GUÐSPJÓNUSTUR Í SÓLHEIMAKIRKJU

- 31. mai** Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir.
5. júlí Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, 96. afmælisdagur Sólheima.
2. ágúst Sr. Pálmi Matthíasson, Jónas Þórir organisti og söngsveit Glitnis ásamt gestum.

MÍÐ. 17. júní

HÁTÍÐARHÖLD Á BORG Í GRÍMSNESI

Skátar í Skátafélagi Sólheima leiða göngu og grilla.

LAU. 15. ágúst

Tónleikar, opið hús.
Fjölskyldudagurinn. Leikir gleði og gaman á tóni ofan við verslun.
Lokadagur Menningarveislu Sólheima.

ALLA DAGA NEMA SUNNUDAGA

TÓMATATÍNSLA Í GARÐYRKJUSTÖÐINI SUNNUNU

13:00-16:00 Mánudaga til föstudaga.
13:00-17:00 Laugardaga.
Símanúmer 855-6060

SUN. 28. júní

LAU. 11. júlí

MÁN. 3. AGÚST, frídagur verslunarmanna

POPP-UPP

Vinir harmonikkunnar verða með popp-upp í kaffihúsi og úti í góða veðrinu.

Kynnt náðar á solheimar.is/ á döfínni

Áhugaverðar sýningar

Sesselja – Sögusýning „Í Sólheimahúsi“
Samsýning vinnustofa í listhús Grænu könnunar, þar sem þemað í ár er hringform.

14 Sjá númer á korti.
„Í Sólheimahúsi“

Sögusýning um æfi og starf Sesselju Hreindis Sigmundsdóttur stofnanda Sólheima sem bjó í húsinu frá fyrsta degi til dauðadags.

6 Sesseljuhús

4 Listhús Grænu könnunar

Árleg samsýning listvinnustofa. Vinnustofur Sólheima skarta öflugum listafólki sem sýnir myndlist sína í listsal Grænu könnunar.

12 Höggmyndagarður - miðsvæði.

12 Ljóðagarður - miðsvæði.

11 Tröllagarður - milli Bláskóga og Sunnu.

10 Trjúagarður - við Ólur skógræktarstöð.

6 Grænn í 60 ár - göngustígur við Sesseljuhús.

4 Eins og gerst haf í gær - tún ofan við Grænu könnuna.

4 Minningarperlur - tún ofan við Grænu könnuna.

4 Leiksvæði - tún ofan við verslun: trampólín, róla (nýtt, Tobburóla), fríbiggílfkarfa og vikingabátur.

Áð 25. maí 2026 voru 41 ár (1985) frá Íslandsgöngu Reynis Péturs.

Áð 30. októ 2026 verða 41 ár (1985) frá stofnun Skátafélags Sólheima.

Sesseljuhús

Hægt er að panta lífliga Sólheimaleiðsögn í síma 855-6080 eða með tölvupósti á postfanglo@sesseljuhús.solheimar.is. Tilvalið fyrir hópa.



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

**Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.**

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS
LINDA SVERRISDÓTTIR

ÁBYRGÐARMAÐUR
ÞORLEIF HOFFMANN
GUNNARSDÓTTIR

Efni í blaðið þarf að berast fyrir
28. hvers mánaðar á netföngin:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

<https://www.gogg.is/>

ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN BORG

Nú er hægt að kaupa mismunandi áskriftaleiðir í
Íþróttamiðstöðina okkar

[Sjá hér](#)

Hvetjum alla til að prófa þessa frábæru aðstöðu.
Tökum vel á móti öllum

Sumaropnun



Mánudaga - Föstudaga

10:00 - 21.30



Laugardaga og sunnudaga

10:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun

ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN
BORG


Sími 480 - 5530



BESTA
AÐSTAÐAN



SUND
FYRIR ALLA



HREYFING
OG HEILSA



SLÖKUN
OG VELLÍÐAN

Sumarið er fyrir hreyfingu!